



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Fjölgun samninga um NPA*

Lagt er til að samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) verði fjölgað um 14 frá og með 1. nóvember 2023. Kostnaður á árinu 2023 vegna fjölgunar samninga er metinn 80 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki. Kostnaður á árinu 2024 vegna fjölgunar samninga nemur 481 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki.

Greinargerð:

Minnisblað um NPA var lagt fyrir velferðarráð 7. júní sl. Þá lá fyrir að löggjafinn hafði framlengt innleiðingartímabil NPA um tvö ár, eða til loka árs 2024. Jafnframt að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hygðist fjölga NPA samningum um 56 á árinu 2023.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð fagnar ákvörðun félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um að fjölga NPA samningum um 56 og framlengja innleiðingartímabilið út árið 2024. Ráðið hvarf að enn skuli settar fjöldatakmörkanir af hálfu ríkisins á þjónustu sem skilgreind er í lögum sem réttindi, og jafnframt efast ráðið um að hægt sé að byggja upp þjónustu sem hægt sé að stóla á meðan áframhaldandi þátttaka ríkisins í kostnaði er í óvissu ár frá ári. Velferðarráð leggur ríka áherslu á að niðurstaða náist í samræðum ríkis og sveitarfélaga um fulla fjármögnun þjónustu við fatlað fólk, með þeim hætti að tryggt sé að sú þjónusta sem sveitarfélögum er falið að veita í lögum sé fullfjármögnuð, enda er óheimilt að fela sveitarfélögum verkefni án þess að fjármögnun þeirra liggi fyrir. Fáí þessi þjónusta sveitarfélaganna ekki fulla fjármögnun er nokkuð ljóst að erfitt reynist að byggja hana frekar upp og fjölga samningum.

Í Reykjavík eru 27 einstaklingar með þjónustu í formi NPA. Þá eiga 44 einstaklingar samþykktu umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist.

Ekki hefur tekist að fjölga samningum um NPA á þann hátt sem löggjafinn gerði ráð fyrir og því var innleiðingartímabil NPA framlengt um tvö ár, til loka árs 2024. Samningum um NPA hefur ekki verið fjölgað í Reykjavík frá árinu 2021. Ástæðan er sú að ekki fékkst mótframlag frá ríki vegna nýrra NPA samninga á árinu 2022 og engir samningar hafa verið settir af stað á árinu 2023.

Í lok árs 2022 tilkynnti ráðherra félags- og vinnumarkaðsmála að búið væri að tryggja mótframlag vegna rúmlega 50 nýrra NPA samninga á árinu 2023. Jafnframt stendur yfir vinna í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu við endurskoðun reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð.



Mikil vinna hefur átt sér stað allt þetta ár við endurskoðun á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna málaflokks fatlaðs fólks enda gríðarlegur halli á málaflokknum. Vonir standa til þess að nú sjái fyrir endann á þeirri vinnu og niðurstöðu að vænta fljótlega.

Sveitarfélögum er lögum samkvæmt skylt að vinna að innleiðingu þjónustunnar á innleiðingartímabilinu. Ríkið hefur á þessu ári boðið mótframlag fyrir þó nokkurn fjölda nýrra samninga og þá er kostnaðarskipting milli þessara aðila alveg skýr.

Tillagan felur í sér viðbótarkostnað fyrir velferðarsvið. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sem nemur 34 m.kr. vegna beingreiðslusamninga verði færð fyrir síðustu tvo mánuði á ársins 2023 og 204 m.kr. fyrir árið 2024. Óskar velferðarsvið því eftir 80 m.kr. í aukinni fjárheimild á árinu 2023 og 481 m.kr. í aukinni fjárheimild fyrir árið 2024.

Aukinn kostnaður er án væntanlegra nýrra kjarasamninga 2024. Athygli er vakin á því að ekki verður hægt að bæta við nýjum beingreiðslusamningum á árinu 2024 sökum tilfærslu á fjárheimildum.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 4. október 2023.